

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 96/55/EB

frá 4. september 1996

um aðra aðlögun að tækniframförum á I. viðauka við tilskipun ráðsins 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna (klóruð leysiefni)(*)

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/769/EBE ⁽¹⁾ frá 27. júlí 1976 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 94/60/EB ⁽²⁾, einkum 2. gr. a, sem var tekin upp með tilskipun ráðsins 89/678/EBE ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Sum klóruð leysiefni eru hættuleg heilsu/umhverfi og þau ber ekki að nota í efni og efnablöndur sem sett eru á markað fyrir almenning.

Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/60/EB um 14. breytingu á tilskipun 76/769/EBE er tilgreint að átta klóruð leysiefni megi ekki nota í efni og efnablöndur sem sett eru á markað fyrir almenning.

Síðan hefur komið í ljós að þessi klóruðu leysiefni gætu einnig reynst hættuleg heilsu/umhverfi ef þau eru notuð í stað leysiefna sem nú eru notuð í opnum kerfum, svo sem yfirborðshreinsun og efnahreinsun.

Nú ber einnig að banna notkun þessara átta klóruðu leysiefna í efni og efnablöndur sem eru markaðssett til slíkrar notkunar í opnum kerfum.

Í þeim takmörkunum, sem í þessari tilskipun eru settar á notkun klóraðra leysiefna, er tekið tillit til núverandi þekkingar og tækni að því er varðar öruggari valkosti.

Þessi tilskipun er byggð á bráðabirgðagreiningu á hættum sem felast í klóruðum leysiefnum og kostum og göllum takmarkana. Nú stendur yfir almennt mat á hættum klóróforms fyrir menn og umhverfi samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 ⁽⁴⁾ og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94 ⁽⁵⁾.

Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á löggjöf bandalagsins þar sem gerðar eru lágmarkskröfur um vernd starfsmanna og finna má í tilskipun ráðsins 89/391/EBE ⁽⁶⁾ og í einstökum tilskipunum sem byggðar eru á henni, einkum tilskipun ráðsins 90/394/EBE ⁽⁷⁾.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að tækniframförum á tilskipunum um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með hættuleg efni og efnablöndur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:**1. gr.**

Hér með er I. viðauki við tilskipun 76/769/EBE lagaður að tækniframförum eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg ákvæði til að fara að þessari tilskipun eigi síðar en 31. desember 1997 og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað. Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 30. júní 1998.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 231, 12. 9. 1996, bls. 20, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/98 frá 6. mars 1998 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 201.

(2) Stjttíð. EB nr. L 365, 31. 12. 1994, bls. 1.

(3) Stjttíð. EB nr. L 398, 30. 12. 1989, bls. 24.

(4) Stjttíð. EB nr. L 84, 5. 4. 1993, bls. 1.

(5) Stjttíð. EB nr. L 161, 29. 6. 1994, bls. 3.

(6) Stjttíð. EB nr. L 183, 29. 6. 1989, bls. 1.

(7) Stjttíð. EB nr. L 196, 26. 7. 1990, bls. 1.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. september 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Í I. viðauka við tilskipun 76/769/EBE komi eftirfarandi liðir í stað liða 33 til 40 (að báðum meðtöldum):

Tilgreining efnisins, efnahópsins eða efnablöndunnar

- „33. Klóróform CAS-nr. 67-66-3
- 34. Kolefnistetraklóríð CAS-nr. 56-23-5
- 35. 1,1,2-tríklóretan CAS-nr. 79-00-5
- 36. 1,1,2,2-tetraklóretan CAS-nr. 79-34-5
- 37. 1,1,1,2-tetraklóretan CAS-nr. 630-20-6
- 38. Pentaklóróetan CAS-nr. 76-01-7
- 39. 1,1-díklóretýlen CAS-nr. 75-35-4
- 40. 1,1,1-tríklóretan CAS-nr. 71-55-6

Takmarkanir

Má ekki nota í styrkleika sem er jafn eða meiri en 0,1% miðað við þyngd í efnunum og efnablöndum sem á að markaðssetja og selja almenningi og/eða í opnum kerfum svo sem yfirborðshreinsun og efnahreinsun.

Með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða bandalagsins um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna og efnablandna skal á umbúðum slíkra efna og efnablandna sem innihalda þau í styrkleika sem er jafn eða meiri en 0,1% eða meiri vera eftirfarandi með læsilegu og óafmáanlegu lettri:

„Aðeins til nota í iðjuverum.“

Þetta ákvæði gildir þó ekki um:

- a) lyf eða dýralyf í skilningi tilskipunar 65/65/EBE⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 93/39/EBE⁽²⁾;
- b) snyrtivörur í skilningi tilskipunar 76/768/EBE⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 93/35/EBE⁽⁴⁾.

(¹) Stjtið. EB nr. 22, 9. 2. 1965, bls. 369/65.

(²) Stjtið. EB nr. L 214, 24. 8. 1993, bls. 22.

(³) Stjtið. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 169.

(⁴) Stjtið. EB nr. L 151, 23. 6. 1993, bls. 32.“